

KRÍLASEL

UNGBARNALEIKSKÓLI



Starfsáætlun 2024 – 2025

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur, áherslur úr skólanámskrá og skóla fyrir alla.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngd börn og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Leiðbeiningar um starfsáætlunin leikskóla, bls. 1.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans eru Jafnrétti, umhyggja og öryggi.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra mat.....	7
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	8
4 Greinargerð frá starfinu skólaárið 2023-20234 (innra mat/umbótaáætlun)14	
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ..	19
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
8 Foreldrasamvinna	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	26
10 Umsögn foreldraráðs.....	27

Leiðarljós leikskólans eru *Jafnrétti, umhyggja og öryggi*

Leikskólinn er upphafið af formlegri menntun einstaklingsins og fyrsta stig skólakerfisins. Þessi tími í lífi barnsins er mjög mikilvægur fyrir nám og þroska og samstarf við foreldra er einnig mikilvægt. Í daglegu starfi Krílsels er horft til leiðaljósa leikskólans. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.

Jafnrétti

Það er lögð áhersla á jafnrétti og jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í anda jafnréttis og réttlætis óháð kyni og litarhætti.

Umhyggja

Í umhyggju felst að láta sér annt um líðan, velferð og framtíðarhag barnanna. Umhyggja kennarans getur birst annars vegar í því að sýna barni hlýju og hjálpssemi, að hann beri hag barnsins fyrir brjósti. Hins vegar getur umhyggja fyrir velferð barnsins birst sem hæfni kennarans til að koma auga á styrkleika og getu hvers og eins og hvatt það til framfara. Umhyggjusamur leikskólakennari lætur sér annt um börnin, gerir kröfur en er samt líka sveigjanlegur.

Öryggi

Börnin hafa þörf fyrir vernd og þurfa að finna til öryggiskendar og skal búið þannig að umhverfi þeirra að þau finni að þau njóti verndar og séu örugg. Velferð þeirra skal ávalt vera í fyrirrúmi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Við starfsfólkið í Krílaseli erum mjög ánægð með það að starfárið 2023-2024 er nú meira orðið í anda þess sem var áður en Covid19 tímabilið skall á sem hafði mikil áhrif á allt leikskólastarf Krílasels.

Eins og undanfarin ár þá förum við inn í skólaárið 2023-2024 með fullmannaðan leikskóla.

Við náðum að gera ýmislegt til að bæta faglega starfið okkar og leikskólastjórinn sótti allskonar námskeið sem stuðluðu að því að bæta gæði starfsins. Hún fór m.a. ásamt framkvæmdastjóranum Hallgrími til Reggio Emilia á Ítalíu á ráðstefnuna LEAP. Language Education And Partnerships Ltd. Ráðstefnan varði í 4 daga og Reggio Emilia stefnan/hugmyndafræðin er einmitt hluti af þeirri hugmyndafræði sem Krílasel byggir á og tengist lýðræði, sköpun, frumkvæði og foreldrasamvinnu.

Starfsfólkið fékk einnig fræðslu frá Herdísí Storgaard hjúkrunarfræðingi (Miðstöð slysavarna barna) um hættur og varnir er varðar þennan aldurshóp sem við erum að vinna með í Krílaseli.

Einnig fengum við fræðslu frá Valdísí B Arnardóttur hjúkrunarfræðingi frá Heilsuvernd Kópavogs um smitsjúkdóma barna. Bæði þessi námskeið voru mjög gagnleg fyrir starfsfólkið okkar. Leikskólastjórinn ásamt starfsmanni fóru líka á kynningu á breytingum á Aðalnámskrá leikskóla sem haldin var í HÍ á Menntavísindasviði í Stakkahlíð sem á að taka gildi á þessu ári.

Árlegur kynningafundur fyrir foreldra var haldinn í byrjun leikskólaársins og var hann mjög vel sóttur, og þar var allt starfið í leikskólanum kynnt fyrir þeim. Foreldrar komu með spurningar og voru mjög áhugasöm. Fjórir foreldrar buðu sig fram í foreldraráð og við vorum svo heppin að þau eru öll með faglegan bakgrunn sem nýtist vel.

Einnig tók leikskólastjórinn rafrænt námskeið um ADHD og leikskólabörn þrátt fyrir að ekki sé byrjað að gera greiningar á þessum aldurhópi þá er gott að vera vel upplýstur um einkenni.

Leikskólinn bætti við leikfangakost sinn og endurnýjaði og keypti ný leikföng frá GB gruppen í Danmörku í formi hljóðlausra, taufóðraðra segulkubba sem eru nýlunda hér á landi að okkar viti. Þessir aðilar eru framanlega á norðurlöndunum í þróun nýrra lausna við gerð leikfanga fyrir leikskóla með umhverfis og hollustuþætti að leiðarsljósi. Við höldum áfram að reyna að losa okkur sem mest við plastið. Skipt var um diska, hnífapör, glös og dýnur eins og við gerum reglulega. Einnig var leikskólinn málaður að innan og útigirðing í kringum útisvæði.

Við fengum reglulega heimsókn frá Heilbrigðiseftirlitinu og ákváðum að biðja þau um að gera loftgæðaathugun hjá okkur og gerðum nokkrar breytingar til að bæta loftgæðin í leikskólanum en eigum þó eftir að gera meira sem verður gert í sumarlokun leikskólans.

Eins kom Skóla og frístundasvið með sitt árlega eftirlit og gerðu engar athugasemdir við aðbúnað og störf leikskólans.

Stefnan er að halda áfram að vinna að sömu áherslum frá skólaárinu 2023-2024 sem voru m.a. að efla félagsfærni og sjálfsefningu barna í Krílaseli ásamt öðrum þáttum. Leikskólinn telur sig hafa náð töluverður árangri með þessar áherslur en þessir áherslupættir eru líka kannski eitthvað sem þarf alltaf að vera að vinna með í leikskólastarfi og munu því áfram verða inni í nýrri starfsáætlun ásamt öðrum þáttum. Leikskólinn mun einnig halda áfram með og leggja meiri áherslu á málörvun og sköpun. Þessar áherslur tengjast líka menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Nýjar áherslur fyrir tímabilið 2024-2025 munu einnig tengjast eflingu leiks barna sem námsleið og er fjallað um í Aðalnámskrá, handbók um leik barna í leikskólum bls 25-30.

Í Krílaseli hafa verið haldnar brunaæfingar einu sinni á ári að sumri til áður en börnin fara yfir á nýjan leikskóla. Síðasta brunaæfing var haldin 27 júní og var rýmingartími leikskólans innan skekkjumarka.




2 Innra mat

Tilgangur innra mats er að meta hvort og að hve miklu leyti þeim markmiðum leikskólans hefur verið náð sem byggja á áherslum úr skólanámskrá leikskólans og hafa verið samþykkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkuborgar. Einnig á innra mat að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans og þróun þeirra, og stuðla að umbótum og auknum gæðum leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) .

Einnig þarf að tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Matið þarf að fara fram árlega og gefa upplýsingar um í hverju þær umbætur eru fólgnar og má líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind og metin í samvinnu, og ákvarðað hvað gera skuli í framhaldinu. Setja þarf fram umbætur/matsáætlun sem byggir á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og skipuleggja vinnu út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætluninni eru sett fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Á skólaárinu 2023-2024 fór fram bæði innra og ytra mat. Hluti innra mats var m.a. að nýta skipulagsdaga til að ræða við starfsfólk og reyna að meta þá þætti sem snúa að innra starfi leikskólans og eru eftirfarandi þættir:

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Leikurinn sem námsleið.	Umræður og hópvinna á skipulagsdegi	Starfsfólk	Styrkleiki að gefa leik barna meira rými og að þau hafi meira um leikinn að segja. Tækifæri til umbóta er t.d. að þátttaka starfsfólks þarf að vera meiri og markvissari. Bæta fræðslu til starfsfólks.
Hlutverk og viðhorf og starfsfólksins til leiksins sam námsleið barnsins	Umræður og hópvinna á skipulagsdegi	Starfsfólk	Styrkleiki: hugað að gæðum efniviðs og leikefnis, leiknum gefið meira rými og gert sýnilegt og aðgengilegra í hæð barnanna. Tækifæri til umbóta; fræðsla aukin til starfsfólks um mikilvægi leiks barna sem aðal námsleið þeirra.

Ytra mat

Hluti ytra mats var árlegt eftirlit skrifstofu skóla og frístundasviðs sem fór fram á tímabilinu október-nóvember. Spurningar bárust í október og viðtal var með rafrænum hætti og heimsókn ákveðin. Eftirlitsaðilar komu síðan í heimsókn í nóvember og niðurstöður voru á sama hátt og árið áður um að rými og aðstaða barnanna væru í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

Einnig var gerð viðhorfskönnun foreldra barna í leikskólum í Reykjavíkurborgar árið 2023 en svör bárust svo seint ekki náðist að senda það með síðustu starfsáætlun. Niðurstöður voru í stórum dráttum að af 5 mögulegum þá fékk Krílasel eftirfarandi skor “Barninu líður vel í leikskólanum” 5. “Tel barnið mitt vera öruggt” 4,95. “Vingjarnlegt andrúmsloft” 4,95. “Skólanum vel stjórnað” 4,95.

Dæmi um athugasemdir frá foreldrum um leikskólastarfið.

“Elska starfið og starfsfólk Krílasels. Þau eiga stórt hrós skilið fyrir sína vinnu. Þvílíkar framfarir hjá barninu mínu á þessum mánuðum”

“Ég elska Krílasel og leikskólastjórinn er ÆÐISLEG (mig langar helst að eiga hana).

Ég vildi óska að stelpa mín gæti alltaf verið þarna og hlakka til þegar að litli strákurinn fæðist og fer í leikskólann”

“Frábær leikskóli”

“Frábært starf unnið á Krílaseli. Alltaf tekið svo vel á móti öllum börnum og andinn frábær”

“Starfsfólk leikskólans á Krílaseli er yndislegt og er hún Súsana æðisleg. Yndislegur leikskóli í alla stað”

“Við sem foreldrar erum einstaklega ánægð með móttöku, umönnun og samskipti. Barnið er hamingjusamt í leikskólanum, fer glaður þangað og og fagnar starfsfólki. Myndum helst vilja vera alltaf á Krílaseli. 😊 Mæli eindregið með leikskólanum við alla”

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorf foreldra	Rafræn foreldrakönnun	Foreldrar	Foreldrar eru frekar ánægðir með starfið í heild sinni. Sjá niðurstöður að ofan. Tækifæri til umbóta að leikskólinn mætti leita meira til foreldra.

Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lo kið	Hvernig og hvenær metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur , safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Móttaka á nýjum starfsmö nnum	Að auka sjálfstraust og gera starfsfólkið hæfara til að deila af reynslu sinni af leikskólast arfinu.	Taka einstaklingsv ið töl við starfsfólkið og leitast við að fá fram sjónarmið þeirra og hvernig hægt er að samræma það stefnu og leiðarsljósu m leikskólans.	Framkvæ mda/ mannauð sstjóri	20 24	20 25	Farið yfir árangur í viðtölum og á skipulagsdög um.	Hefur starfsfólki ð aukið sjálfstraust og trú á eigin getu aukist? Er starfsfólk ánægt og sátt í vinnunni? Eru börnin hamingju samari í leikskólan um.?
Uppeldis- og menntast arf							
Opin efniviður	Haldið verður áfram að vinna markvisst með að nýta kosti opins efniviðs.	Að skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk á skipulagsdeg i um hvernig unnið er með opinn efnivið í	Allt starfsfólki ð	20 24	20 25	Leikskólastjó ri fylgist með framvindu og kemur með ábendingar til starfsfólks.	Helsta viðmið um árangur er hvort að vinna barnanna með opinn efnivið er

		leikskólasterfi.					að kenna þeim, auka sköpun og örva ímynduna rafl og veita þeim ánægju,
Mannauður/ Leikskóla bragur							
Hópefli	Tækifærin geta falist í samverustundum starfsfólks eins og jólahlaðborð, óvissuferðir, keila og golf með því markmiði að bæta starfsandann og kynnast betur utan vinnutímanum.	Að vera humyndarík og gera meira af því sem eykur hópefli inna starfsmanna hópsins.	Allir starfmenntu bera ábyrgð á að vel takist til.	hast	vor	Reglulegar starfsmannakannanir	Eru starfsfólk, börn og foreldrar að upplifa að starfsandinn sé góður og að börnunum líði vel í leikskólanum.
Innra mat							
	Áfram verður unnið út frá sömu forendum og áður frá umbótaáætlun innra mats eins og árið áður en	Rýnt verður í niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra og leitast við að draga saman það sem bæta þarf og leiðir til að gera það.	Stjórnendur	hast	vor	Ný könnun gerð að vori til að meta hvort árangur hafi orðið með því að bera saman niðurstöður við fyrri könnun.	Viðmið er að minna markvisst að því að öllum líði vel í leikskólanum og dvöl barnanna stuðli að

	<p>núna verður horft til viðhorfskö nnunar foreldra og leitast við að umbætur taki við af niðurstöðu m hennar.</p>					<p>auknum þroska þeirra .</p>
--	--	--	--	--	--	---------------------------------------

4 Greinagerð frá starfinu skólaárið 2023-20234 (innra mat/umbótaáætlun)

Á leikskólaárinu 2023-2024 voru 25 börn í Krílaseli. 13 stúlkur og 12 drengir, öll fædd árið 2022. Leikskólaárið var á margan hátt krefjandi en verkefnið einnig mjög lærdómsrík, gefandi, fjölbreytt og skemmtileg.

Hefðbundin verkefni sem snúa að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað ásamt mörgum nýjum og óvæntum verkefnum. Eins og í öllum öðrum leikskólum þá hefst leikskólaárið með inntöku barna síðla sumars eftir sumarfrí.

Síðustu mánuðir síðasta leikskólaárs fóru þó líka í að byrja að kveðja þau börn sem hafa fengið pláss snemma á öðrum leikskólum og byrja að aðlaga þau nýju börn sem koma í staðinn. Að ýmsu leyti er ágætt að aðlögunartímabilið teygist aðeins yfir nokkra mánuði því þá er vera eldri og reyndari barnanna í leikskólanum jafnvel að hjálpa til við aðlögun nýju barnana.

Í aðalnámskrá leikskóla sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu er fagleg stefnumörkun sem lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Krílasel leitaðist við að hafa markmið sem samræmast þessum markmiðum og kröfum.

Menntastefna Reykjavíkurborgar skiptist upp í fimm grundvallarþætti. Félagssfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Einkunnarorð leikskólans eru jafnrétti, umhyggja og öryggi sem tengjast þessum grundvallarþáttum menntastefnunnar.



Leikskólaárið hófst eins og venjulega á því að við buðum foreldrum í heimsókn með barnið sitt þannig að foreldrar náðu að skoða leikskólann, kynna sér starfið og eiga gott spjall við leikskólastjórann um áherslur leikskólans. Við vildum líka hitta foreldrana og barnið, kynnst og deila upplýsingum. Eftir það viðtal var foreldrum gefinn kostur á að taka endanlega ákvörðun um hvort að þau vildu taka plássið og það gaf okkur líka tækifæri á að kynnst þeim og barninu aðeins betur. Þetta var líka mikilvægt sem fyrsta skref í inntöku og aðlögunarferlinu. Reynsla okkar sem einnar deildar leikskóli er að aðlaga ekki fleiri en 2-3 börn á viku sem hefur gengið mjög vel með tilliti til lágmarksáreytis fyrir eldri börnin og álags á starfsfólk. Við munum byggja áfram á þeirri reynslu. Faglega starfið fór af stað að lokinni aðlögun í rólegheitum og þar var lögð áhersla á samverustund, hópastarf, söngstund, sögustund og útiveru. Foreldrar fengu tækifæri til að fá innsýn í leikskólastarfið á meðan á aðlögun stóð og þarna byrjaði líka að myndast traust sem er svo mikilvægt fyrir tengslamyndun og foreldrasamstarfið.

Í hópastarfinu fengu börnin æfingu í að vinna í hóp. Þar var m.a. unnið með málörvun, fínhyringu og sköpun og stuðst við námsefni eins og “Lubbi finnur málbein” og “Lærum og leikum”. Áherslurnar fóru svólítið eftir aldri barnanna þegar þau byrjuðu hjá okkur. Meðalaldur barnanna var frekar hár og eftir að hafa byrjað með áherslur á söng í 1-2 vikur var fljótlega farið í að vinna með stafrófið og fyrsta stafinn í nöfnum þeirra og málhljóð og unnið með það í 2 vikur. Einnig voru þau látin klappa atkvæði og voru þau mjög fljót að öðlast hljóðvitund og tengja hljóðin við stafina sem var mjög ánægjulegt fyrir svona ung börn. Við hvöttum foreldrara líka til að gera þetta með börnunum heima og voru þau mjög dugleg við það. Það sem þau eru að læra í málörvuninni notuðum við líka í flestum öðrum athöfnum þeirra í leikskólanum bæði í leik og starfi úti og inni þegar við setjum orð á athafnir þeirra.



Í daglegri rútnu barnanna í Krílaseli fyrir utan skipulagt hópstarf áttu börnin einnig stundir þar sem að þau voru að skapa með því að mála, líma, byggja og leika með ljós og skugga. Þetta gaf þeim tækifæri til að þjálfa fínhyrtingar, samhæfingu augna og handa og einbeitingu. Sjálfsefning var líka ein af áherslum okkar og þau hvött til að klæða sig úr sjálf, borða sjálf, þvo hendur, fara sjálf í sína stóla og byrja að pissa í kopp.



Leikurinn er helsta námsleið barnanna og markmið okkar eru að hlúa að og ýta undir hæfni þeirra til að frjógva ímyndunaraflíð, þroskist í gegnum leikinn og auka félagsfærni í gegnum samskipti við starfsfólk og önnur börn.

Okkur er ljóst eftir að hafa lesið nýju handbókina um leik barna hvað við þurfum að gera til að bæta gæði leiksins eins og sjá má í umbótaþætti starfsáætlunarinnar.



Söngurinn er líka stór partur af málörvun barnanna og framkvæmdastjórinn mætti með gítarinn 2-3 sinnum í viku og stundum oftar til að syngja lög sem þau höfðu lært í leikskólanum. Þessar stundir gáfu þeim mikla gleði, juku sjálfstraust þeirra og ýttu undir málörvun þeirra á sama tíma.



Það hefur oft komið sér vel að geta skipt á milli útisvæða en á þessu ári var ekki svo mikil þörf á því þar sem að börnin voru öll á svo svipuðum aldri. Við náðum oft að fara tvisvar út á dag ef veður leyfði.



Þau aðalmarkmið sem við höfum lagt áherslu á finnst okkur hafa gengið nokkuð vel. Vel gekk að halda vel utan um barnahópin og hjálpa þeim í þessu ferli. Börnin eru örugg og glöð þegar þau koma í leikskólann og vita að hverju þau ganga. Þeim líður vel í leikskólanum og vilja stundum ekki fara heim með foreldrum í lok dags.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hlutverk kennara í leik barna	Að starfsfólk sé meðvitaðra um hlutverk sitt í leik barnanna	Fræðsla til starfsfólks.	Leikskólastjóri	Haut	Vo	Íhugað og rætt á skipulagsfundum	Að leikskólastarfsólkið hafi góða tilfinningu fyrir hvernig best sé að taka þátt í leik barna, hvert hlutverk þeirra er hverju sinni og lesi rétt í aðstæður

Leikurinn	Að börnin ná að læra í gegnum leikinn	Í leiknum þarf starfsfólk að nýta og vinna áfram með kveikjur frá börnum og starfsfólk	Allt starfsfólk	Á allt af við		Samantekt rædd á skipulagsdegi.	Heildarsýn yfir framfarir og þrókaferil barnsins í leikskóladvölinni.
-----------	---------------------------------------	--	-----------------	---------------	--	---------------------------------	---

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Í Krílaseli hafa ekki verið mörg börn af erlendu bergi brotin eða með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Flest barnanna sem hafa komið til okkar eru með íslenskt annað foreldri og öll verið alin upp í íslenski menningu. Á síðasta ári barst engin úthlutun fjármagns til okkar vegna barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

Við reynum samt að vera meðvituð um aðferðir og lausnir og flest okkar starfsfólk er af erlendum uppruna sem hefur oft reynst okkur gagnlegt.

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ekkert fjármagn barst þar sem að aðeins voru tvítyngd börn að ræða.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við höldum áfram að efla orðaforða þeirra og nýtum hvert tækifæri til að setja orð á alla hluti, athafnir og í spjalli við börnin.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Það er lesið og sungið fyrir börnin í hópastarfinu og þau fá aukin tíma til að læra orðin ef þarf og við notum Lubba. Einnig eru atkvæðin klöppuð í orðunum.

<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Matslistar sem eiga að mæla almennan þroska hjá börnum 1-2 ára eru notaðir fyrir öll börnin, sem við förum síðan yfir í foreldraviðtölum. Einnig erum við að skoða niðurstöðu 18 mánaða skoðunar með foreldrum og hjúkrunarfræðingi ef þarf.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Við höldum áfram að lesa í framfarir barnsins er varðar orðaforða, málskilningi, tjáningu, frásögn, hlustun, félagslegt tungumál, tilfinningar, áhuga, styrkleika og löngun. Við spyrjum foreldra líka um að hvernig staða barnsins er í eigin móðurmáli.</p>

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Styrking tengsla við menningu fjölskyldu barns</p>	<p>Fá leyfi frá foreldrum að fáan séu sýnilegir í fataklefa</p>	<p>Fáanar allra heimalan da gerðir sýnilegir í fataklefa og skrifa „góðan dag“ á tungumáli viðkomandi.</p>	<p>Leikskólastjóri</p>	<p>2024</p>	<p>2025</p>	<p>Ljósmyndir í næstu starfsáætlun</p>	<p>Ánægja foreldra með virðingu gagnvart menningu þeirra.</p>

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsfólk okkar í Krílaseli fær að lágmarki eitt starfsmannaviðtal á ári og stundum oftari ef þörf er á. Þetta hefur reynst vel sérstaklega fyrir nýja starfsmenn.
- Stjórnendur fóru á ráðstefnu í Reggio Emilia LEAP. Language Education And Partnerships Ltd. á Ítalíu.
- Leikskólastjórinn ásamt starfsmanni fóru á kynningu á breytingum á Aðalnámskrá leikskóla sem haldin var Háskola Íslands á Menntavísindasviði í Stakkahlíð sem nýttist vel til fræðslu fyrir starfsfólk á skipulagsdögum.
- Rafrænt námskeið um ADHD sem leikskólastjórinn sótti.
- Herdís Storgaard hjúkrunarfræðingi frá (Miðstöð slysavarna barna) kom með dagsnámskeið um hættur og varnir í ungbarnaleikskólum.
- Valdís B Arnardóttir hjúkrunarfræðingur frá Heilsuvernd Kópavogs kom með námskeið um smitsjúkdóma barna.
- Leikskólastjóri ásamt framkvæmda/mannauðsstjóra fóru í heimsókn í “Den lyserode vuggestue” í Krístianíu og kynntu sér aðferðafræði og starfsemi. Starfsmenn þaðan komu síðan í heimsókn til okkar núna í sumar.

Símenntunaráætlun 2024-2025

- Fyrirhuguð er heimsókn starfsfólks til Póllands um næstu páska til að skoða ungbarnaleikskóla sem starfar einnig í anda Reggio-Emilia hugmyndafræðinnar.
- Námskeið fyrir starfsfólk um aðferðir sem byggja á hugmyndafræði Reggio-Emilia í ungbarnaleikskólum og skoða betur hvað hentar okkur í Krílaseli.
- Fræðsla til starfsfólks um notkun opins efniviðar sem kennslutæki.
- Fræðsla til starfsfólks um mikilvægi leiksins í leikskólastarfinu.
- Reyna enn frekar að fá nánari fræðslu um „Lubbi finnur málbein“
- Fræðsla um fjölmenningu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við stefnum að því að vera áfram í góðu samstarfi við leikskólana í hverfinu okkar þangað sem flest börnin okkar fara. Einnig við Þjónustumiðstöð Breiðholts ef einhver mál koma upp. Ekki hefur reynt á samstarf við grunnskóla og frístundamiðstöðvar vegna ungs aldur barnanna.

8 Foreldrasamvinna

Í íslenskum lögum er talað um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í menntakerfinu og eigi að sinna námi barna á leikskólaaldri. Mennta- og menningarmálaráðuneytið bendir á í yfirlýsingu 2011 (bls. 48) er bent á mikilvægi foreldrasamstarfs í aðlögun barna og þar segir að leggja þurfi góðan grunn að samstarfi foreldra og leikskóla strax í upphafi leikskólagöngunar með velferð og umhyggju barna að leiðarljósi. Leikskólastarfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu, og samstarfið þarf að byggjast á trausti og gagnkvæmum skilningi.

Bestu sérfræðingarnir í börnum sínum eru foreldrarnir sjálfir og þau bera meginábyrgð á uppeldi þeirra og er leikskólanám því í raun viðbót við uppeldi þeirra en kemur ekki í stað þess. Því skal leitast við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra almennu spjalli og til að mynda í foreldrasamtölum og í gegnum foreldraráð og foreldrafélag leikskólans sé það til staðar. Krílasel aðhyllist hugmyndafræði Vigorsky og Reggio Emilía þar sem mikil áhersla er lögð á foreldrasamstarf og að foreldrar séu virkir þátttakendur í leikskólastarfinu.

Góð fyrstu kynni foreldra af leikskólanum eru að okkar mati grunnurinn að vel heppnaðri aðlögun barnsins og mikilvæg til að byggja upp traust og góð samskipti á milli foreldra, barnsins og leikskólastarfsfólks fyrir komandi leikskóladvöl barnsins. Það er einnig mikilvægt að barnið upplifi traust á milli foreldra og leikskólastarfsfólksins.

Foreldrasamvinnan byggist í grundvallaratriðum á þessum atriðum og markmið hennar er:

- að rækta samvinnu og samskipti leikskóla og heimilis
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og fá upplýsingar um barnið frá foreldrum
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Foreldrakynningarfundur

Við höldum alltaf kynningarfund fyrir foreldra á leikskólastarfinu að hausti til og sem hefur verið mjög gagnlegt og hefur komið vel fyrir hjá foreldrum. Foreldrar fá þar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið og við upplýsum um þær áherslunur sem til stendur að vinna með á komandi skólaári. Foreldrum býðst að koma með spurningar. Þeir kynnast innbyrðis og leggja grunninn að foreldraráði. Við undirstikum mikilvægi samráðs og samvinnu, og að velferð barnsins sé alltaf í fyrirrúmi. Einnig er farið yfir upplýsinga og boðleiðir og bent á að helgarpóstar eru sendir vikulega með upplýsingum um starfið nýliðna viku, komu nýrra barna og breytingar á starfsmannahaldi. Þá förum við líka yfir það hvernig að heimasíðan á krilasel.is virkar og ráðleggjum foreldrum að kynna sér vel allar þær upplýsingar sem þar er að finna og sérstaklega að lesa vel yfir námskrá og starfsáætlun.



Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl hafa þann megingiltgang að veita gagnkvæmar upplýsingar um framfarir og líðan barnsins. Foreldrum gefst kostur á að koma með spurningar og ábendingar. Boðið er upp á foreldraviðtal tvisvar sinnum á ári eða oftar ef þörf er á. Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Fyrsta viðtal á haustin er eftir um það bil tvo mánuði og er rafrænt. Það snýst oft að mestu um hvernig aðlögunin hefur gengið og hvernig barnið er að aðlagast inn í leikskólann og hvernig foreldrar eru að upplifa það. Þar

skiptast foreldrar og leikskólastjóri á upplýsingum um barnið og leggja línurnar með framhaldið. Í seinna viðtalinu er farið yfir dvöl barnsins í leikskólanum og stuðst er við matstæki fyrir börn 1- 2 ára þar sem þættir eins og félagsleg samskipti, málþroski, sjáfshjálþ, vitsmunaproski og hreyfiþroski eru metin. Leikskólastjóri sendir tölvupóst einu sinni viku og stundur oftár ef þörf er á til að halda foreldrum upplýstum um starfið í leikskólanum og um breytingar.

Foreldraráð

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Á kynningafundi fyrir foreldra í upphafi skólaárs auglýsum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á og tíma til að vera í foreldraráð og útskýrum hvað fellst í því. Gott er ef við getum fengið foreldra sem hafa faglegan bakgrunn eða reynslu af því að vinna að málefnum barna en þó ekki skilyrði. Við höfum verið með þrjá til fjóra foreldra í foreldraráði en vegna eðlis leikskólans okkar sem ungbarnaleikskóla og að börnin eru venjulega ekki hjá okkur lengur en eitt ár þá er alltaf nýtt foreldraráð valið við upphaf hvers nýs leikskólaárs. Tilgangur foreldraráðs er að lesa yfir og gefa umsagnir til leikskólans um starfsáætlanir fyrir hvert ár og skólanámskrár þegar þær eru gerðar. Hlutverk ráðsins er einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og kynningu þeirra fyrir foreldrum.



Foreldrafélag

Venjulega sér foreldrafélag skipað af foreldrum um að skipuleggja og standa undir kostnaði við ýmiskonar uppákomur fyrir börn í leikskólum. Eigendur Krílasel hafa hins vegar ákveðið að standa sjálf undir slíkum kostnaði eins og við sumarhátíð, jólagleði og gjafir auk allskonar annara viðburða til að styrkja samvinnu og traust á milli foreldra, barna og leikskólastarfsfólks með gleðina að leiðarljósi. Ekki hefur þótt ástæða til að velta slíkum kostnaði yfir á gjaldskrá leikskólans.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: **KrÍslasel ungbarnaleikskóli**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 L	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L	31 F	31 F	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 S	31 M

- Föstudagur: 20 september 2024. Lokað allan daginn (SeljahverfisSKIPULAGSDAGUR)
- Föstudagur: 18 október 2024. Lokað allan daginn
- Föstudagur: 22 nóvember 2024. Lokað allan daginn (SeljahverfisSKIPULAGSDAGUR)
- Miðvikudagur : 10 mars 2025. Lokað allan daginn (SeljahverfisSKIPULAGSDAGUR)
- Föstudagur : 25 apríl 2025. Lokað allan daginn
- Föstudagur: 16 maí 2025. Lokað allan daginn

10 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans hefur lesið yfir starfsáætlun Krílasels og gerir enga athugasemd við hana. Starfsáætlunin er metnaðarfull og endurspeglar það góða starf sem fram fer í leikskólanum. Foreldraráð staðfestir að unnið hefur verið samkvæmt fyrri starfsáætlun á liðnum veturinn 2023-2024.

Upplýsingagjöf til foreldra er góð, bæði eru sendir vikulegir tölvupóstar ásamt því að upplýsingar eru sýnilegar á veggjum leikskólans, einkum í fataklefa og við útidyrhurð. Að auki er starfsfólk duglegt að koma upplýsingum munnlega áleiðis til foreldra.

Öll samskipti við starfsfólk eru til fyrirmyndar. Þörfum barnanna er mætt og eru þau glöð og ánægð í leikskólanum þar sem lagt er fram við að heilsa þeim innilega við komu og kveðja þau við brottför á hverjum degi.

Faglegt starf er gott, börnin taka fjölbreyttum framförum í Krílaseli og una sér vel í fjölbreyttum leik og starfi. Vert er að benda sérstaklega á það starf sem unnið er í kringum málörvun og í lestrarstundum þar sem það skilar sér margfalt í aukinni færni barnanna.

Leggur leikskólinn sig fram við að fagna mismunandi hátíðisdögum og mikið gert t.d. úr afmælum barnanna. Er það mat foreldraráðs að þörfum barna í Krílaseli sé mætt og að börnunum líði vel, þau upplifa öruggt umhverfi.

Börnunum er mætt eftir þeirra styrkleikum og markvisst ýtt undir þá, hvort sem þar er í leik eða öðru starfi innan leikskólans, líkt og þjálfun á kopp en þar er stjörnukerfið sem leikskólinn er með að virka mjög vel. Hlýtt viðmót starfsfólksins spilar stóran þátt í vellíðan og þroska þeirra barna sem sækja leikskólann.

Foreldraráð leikskólans skipa:

- **Aníta Rut Hilmarsdóttir**
- **Hrefna Þórsdóttir**
- **Laufey Sif Ingólfssdóttir**
- **Sóley Ásgeirsdóttir**

F. h. Krílasels Ungbarnaleikskóla

Susana Rabanes Gunnþórsson
Leikskólastjóri

01. Júlí 2024
Dagsetning

Starfsáætlun 2023 – 2024

Krítasel ungbarnaleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

- **Aníta Rut Hilmarsdóttir**
- **Hrefna Þórsdóttir**
- **Laufey Sif Ingólfssdóttir**
- **Sóley Ásgeirsdóttir**

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenndu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans hefur lesið yfir starfsáætlun Krílasels og gerir enga athugasemd við hana. Starfsáætlunin er metnaðarfull og endurspeglar það góða starf sem fram fer í leikskólanum. Foreldraráð staðfestir að unnið hefur verið samkvæmt fyrri starfsáætlun á liðnum veturinn 2023-2024.

Upplýsingagjöf til foreldra er góð, bæði eru sendir vikulegir tölvupóstar ásamt því að upplýsingar eru sýnilegar á veggjum leikskólans, einkum í fataklefa og við útidyrhurð. Að auki er starfsfólk duglegt að koma upplýsingum munnlega áleiðis til foreldra.

Öll samskipti við starfsfólk eru til fyrirmyndar. Þörfum barnanna er mætt og eru þau glöð og ánægð í leikskólanum þar sem lagt er fram við að heilsa þeim innilega við komu og kveðja þau við brottför á hverjum degi.

Faglegt starf er gott, börnin taka fjölbreyttum framförum í Krílaseli og una sér vel í fjölbreyttum leik og starfi. Vert er að benda sérstaklega á það starf sem unnið er í kringum málörvun og í lestrarstundum þar sem það skilar sér margfalt í aukinni færni barnanna.

Leggur leikskólinn sig fram við að fagna mismunandi hátíðisdögum og mikið gert t.d. úr afmælum barnanna. Er það mat foreldraráðs að þörfum barna í Krílaseli sé mætt og að börnunum líði vel, þau upplifa öruggt umhverfi.

Börnunum er mætt eftir þeirra styrkleikum og markvisst ýtt undir þá, hvort sem þar er í leik eða öðru starfi innan leikskólans, líkt og þjálfun á kopp en þar er stjörnukerfið sem leikskólinn er með að virka mjög vel. Hlýtt viðmót starfsfólksins spilar stóran þátt í vellíðan og þroska þeirra barna sem sækja leikskólann.

